

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfnesi  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2020  
UST202003-031/S.M.  
08.14.02

### Fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfnesi

Þann 8. maí sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfnesi í kjölfar ábendinga um lyktarmengun frá urðunarstaðnum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Halla Einarsdóttir

Afrít: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	8.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	366624,722 412355,277

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Óvenjubundið eftirlit vegna ábendinga sem bárust Umhverfisstofnun á tímabilinu 24. apríl - 8. maí um lyktarmengun frá urðunarstaðnum í Álfsnesi í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Engin frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit. Fram kom í eftirliti að rekstraraðili sé að skoða hvað gæti orsakað aukna lyktarmengun, aukið eftirlit sé með yfirlagi, úðun hafi verið aukin, í bígerð séu tilraunir með ný lyktareyðandi efni og verið sé að skoða aðrar lausnir til að draga úr lyktarmengun.

## UMFANG EFTIRLITS

Frá 24. apríl sl. hafa borist til Umhverfisstofnunar fjölmargar kvartanir um að lykt bærist frá urðunarstaðnum í Álfsnesi yfir íbúðahverfi í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Fjöldi kvartana og lýsingar bentu til þess að daglegum frágangi í urðunarreininni og vörnum gegn lyktarmengun væri ábótavant.

Umhverfisstofnun hafði samband skriflega við rekstraraðila þann 5. maí sl. og óskaði eftir upplýsingum um aðstæður á urðunarstaðnum, verklag við frágang og hvort og hvernig rekstraraðili væri að bregðast við vegna þessara kvartana. Svar barst frá rekstraraðila sama dag. Dagana 6. - 7. maí bárust þónokkrar kvartanir til viðbótar. Þann 8. maí sl. fór eftirlitsmaður í óvenjubundið eftirlit á urðunarstaðinn í þeim tilgangi að fylgja málinu frekar eftir. Gengið var um urðunarstaðinn í fylgd fulltrúa rekstraraðila. Við eftirlit var verið að vökva hauginn og yfirfara þekjulag í urðunarreininni. Norðanátt var á Álfsnesi við vettvangsheimsóknina. Gengið var suður fyrir reinina, öðru hverju gaus upp sorplykt sem síðan var yfirgnæfð af þeim lyktarhamlandi eftum sem verið var að úða hauginn með. Aðstæður voru einnig kannaðar við Gými en þar var enga lykt að finna.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er vinna í gangi við að kanna orsakir lyktarmengunarinnar, mögulegt væri að vegna þess hve mikill hiti er í urðunarreininni sé niðurbrot mjög hratt, haugurinn sígi hratt saman og sprungur geti því myndast í yfirlagi þrátt fyrir að um fullnægjandi frágang sé að ræða. Brugðist hafi verið við með því að auka úðun á haugnum með sjó og lyktareyðandi eftum, eftirlit með yfirlagi aukið og er nú einnig fylgst með yfirlagi um helgar. Í bígerð er að prófa úðun á haugnum með annari tegund lyktreyðandi efna sérstaklega ætlað urðunarstöðum og verið að skoða aðra möguleika til að draga úr lyktarmengun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.06.2020

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir